



1993 - 2018  
LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI ART MUSEUM

2018



Árið 2018 markar tímamót fyrir Listasafnið á Akureyri þar sem þá eru liðin 25 ár frá stofnun þess. Það er einkar viðeigandi að gamalt og gott loforð sé efnt á þessum tímamótum og safnið fái á afmælisárinu efstu hæð gamla Mjólkursamlagsins til afnota. Ég vil því nota tækifæríð fyrir hönd Listasafnsins og þakka þeim sem hrintu verkinu í framkvæmd og ákváðu að menning og listir væru áfram mikilvægir þættir þeirra lífsgæða sem bjóðast á Akureyri.

Eftir endurbætur og stækkun verða byggingarnar tvær sem Listasafnið hefur haft til umráða, annars vegar gamla Mjólkursamlag KEA og hins vegar Ketilhúsið, sameinaðar með tengibyggingu og munu þá mynda eina heild. Glæsilegir sýningasalir verða opnaðir á efstu hæðinni, þar sem fjölbreyttar og spennandi sýningar verða í boði. Möguleikarnir eru sannarlega margir og Listasafnið á Akureyri er orðið mikilvægur þáttur í bæjarlífinu, ekki síst nú á tímum heilsársferðabjónustu.

Nýr inngangur með aðgengi fyrir hreyfihamaða verður tekinn í notkun ásamt safnbúð og kaffihúsi. Í nýju safni verður einnig stórbætt aðstaða fyrir safnfræðslu og skapandi starf með börnum og fullorðnum.

Samfélagslegt hlutverk Listasafnsins á Akureyri er að bjóða fólk i að njóta myndlistar á eigin forsendum, en einnig að minnta og fræða. Að upplifa galdur myndlistarinnar með börnum og sjá þau hrífast í einlægni af listaverki er afar gefandi. En sú upplifun er jafnframt mikilvæg þar sem hún minnir okkur á að halda í, og rækta, eiginleikann sem gerir slíka reynslu mögulega.

Á næstu blaðsíðum gefur að líta fjölbreytta dagskrá Listasafnsins á þessu afmælisári. Framundan er líflegur vetur og í sumar mun nýtt húsnæði safnsins formlega verða tekið í notkun. Listagilið mun blómstra sem fyrr með opnum vinnustofum listamanna, sjálfstætt reknum sýningaránum, gestavinnustofum og Listasafni sem allir Akureyringar geta verið stoltir af.

Verið velkomin í heimsókn!

Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri / Director of Akureyri Art Museum.

The year 2018 marks the 25th anniversary of Akureyri Art Museum. Having reached this milestone it is very appropriate that an old promise is fulfilled and the third floor of the old Co-op handed over to the Museum and utilised as a new exhibition gallery. On behalf of the Museum I want to use this opportunity to thank those who carried the project forward and thereby regard art and culture as important factors in the quality of life in Akureyri.

After the renovations, the two buildings that made up the Akureyri Art Museum will be joined through a connecting annex. Elegant galleries will be opened on the top floor, where diverse and exciting exhibitions will be offered. The opportunities are surely numerous - the Museum already being an important element of life in Akureyri, and especially now with tourism all year round.

A new entrance allowing better access for the disabled will be utilised, as well as a Museum store and a café. Facilities for Museum education and workshops will be greatly improved in the new Museum.

The Museum's social role is to invite everyone to enjoy visual art on their own terms and, at the same time, educate and enlighten. To experience the magic of visual art with children and witness their sincere fascination is very rewarding. This is also important since it reminds us to nurture, and hold on to, the ability that allows us to experience such things.

On the next pages, you will see the program for this coming anniversary year. Ahead is a vibrant winter and in the summer the new and improved museum will formally be opened. Art Street will flourish as before with open artist's studios, independent art galleries, residencies and an Art Museum that everyone in Akureyri can take pride in.

Welcome!

# Sýningar 2018

## Listasafnið á Akureyri

9. desember 2017 - 11. febrúar 2018 **Louisa Matthíasdóttir - Stúlka með hjól**
24. febrúar - 15. apríl 2018 **Samsýning - Sköpun bernskunnar 2018**
24. febrúar - 18. mars 2018 **Helga Sigríður Valdemarsdóttir - Kyrrð**
24. mars - 15. apríl 2018 **Bergþór Morthens - Rof**
21. - 29. apríl 2018 **Nemendur listnáms- og hönnunarbrautar VMA - Útskriftarsýning 2018**
28. apríl - 19. ágúst 2018 **Samsýning - Fullveldið endurskoðað**
17. júní - 18. ágúst 2018 **Aðalheiður S. Eysteinsdóttir - Hugleiðing um orku**
17. júní - 21. október 2018 **Sigurður Árni Sigurðsson - Hreyfðir fletir**
17. júní - 4. nóvember 2018 **Aníta Hirlekar - Bleikur og grænn**
17. júní 2018 - 17. febrúar 2019 **Svipir - valin verk úr safneign Listasafns ASÍ**
17. júní 2018 - 18. ágúst 2019 **Hjörðís Frímann og Magnús Helgason - Hugmyndir**
17. júní 2018 - 11. október 2020 **Úrvall - valin verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri**
17. júní 2018 - 18. apríl 2021 **Frá Kaupfélagsgili til Listagils**
25. ágúst - 21. október 2018 **Þorvaldur Þorsteinsson - Heima**
3. nóvember 2018 - 27. janúar 2019 **Örn Ingi Gíslason - Lífið er LEIK-fimi**
8. - 9. nóvember 2018 **Iceland Airwaves**
8. - 11. nóvember 2018 **A! Gjörningahátið**
24. nóvember - 2. desember 2018 **Nemendur listnáms- og hönnunarbrautar VMA - Útskriftarsýning 2018**
8. desember 2018 - 17. mars 2019 **Ange Leccia - Hafið**



# Exhibitions 2018

## Akureyri Art Museum

- December 9<sup>th</sup> 2017 - February 11<sup>th</sup> 2018 **Louisa Matthíasdóttir - Girl with Bike**
- February 24<sup>th</sup> - April 15<sup>th</sup> 2018 **Group exhibition - Creation of Childhood 2018**
- February 24<sup>th</sup> - March 18<sup>th</sup> 2018 **Helga Sigríður Valdemarsdóttir - Stillness**
- March 24<sup>th</sup> - April 15<sup>th</sup> 2018 **Bergþór Morthens - Rupture**
- April 21<sup>st</sup> - 29<sup>th</sup> 2018 **Visual art and textiles students at VMA - Akureyri Comprehensive College - Final Projects 2018**
- April 28<sup>th</sup> - August 19<sup>th</sup> 2018 **Group exhibition - Sovereignty Revisited**
- June 17<sup>th</sup> - August 18<sup>th</sup> 2018 **Aðalheiður S. Eysteinsdóttir - Reflecting on Energy**
- June 17<sup>th</sup> - October 21<sup>st</sup> 2018 **Sigurður Árni Sigurðsson - Drifting Surfaces**
- June 17<sup>th</sup> - November 4<sup>th</sup> 2018 **Aníta Hirlekar - Pink & Green**
- June 17<sup>th</sup> 2018 - February 17<sup>th</sup> 2019 **Confederation of Labour Art Collection - Expressions**
- June 17<sup>th</sup> 2018 - August 18<sup>th</sup> 2019 **Hjörðís Frímann and Magnús Helgason - Ideas**
- June 17<sup>th</sup> 2018 - October 11<sup>th</sup> 2020 **Selected works from Akureyri Art Museum's Collection**
- June 17<sup>th</sup> 2018 - April 18<sup>th</sup> 2021 **From Co-op Street to Art Street**
- August 25<sup>th</sup> - October 21<sup>st</sup> 2018 **Þorvaldur Þorsteinsson - At Home**
- November 3<sup>rd</sup> 2018 - January 27<sup>th</sup> 2019 **Örn Ingi Gíslason - Life's PLAY-fullness**
- November 8<sup>th</sup> - 9<sup>th</sup> 2018 **Iceland Airwaves**
- November 8<sup>th</sup> - 11<sup>th</sup> 2018 **A! Performance Festival**
- November 24<sup>th</sup> - December 2<sup>nd</sup> 2018 **Visual art and textiles students at VMA - Akureyri Comprehensive College - Final Projects 2018**
- December 8<sup>th</sup> 2018 - March 17<sup>th</sup> 2019 **Ange Leccia - La Mer**



## Louisa Matthíasdóttir Stúlka með hjól

Salir 10-11, Ketilhús  
9. desember 2017 - 11. febrúar 2018

Louisa Matthíasdóttir (1917-2000) var einn af framsæknustu listamönnum sinnar kynslóðar. Heilir og skýrir myndfletir og tærir og einfaldir litir einkenna verk hennar. Louisa stundaði nám í Evrópu og Bandaríkjum og var búsett í New York frá 1942. Hún hélt þó sambandi við Ísland og í verkum hennar má glöggjast sjá áhrif íslensks landslags og birtu. Louisa málaði einnig uppstillingar, samferðafólk og sjálfsmyn dir sem sjá má á þessari sýningu.

*Stúlka með hjól* er byggð á sýningunni *Kyrrð* sem Listasafn Reykjavíkur setti upp á Kjarvalsstöðum 2017. Hér er framhaldið röð sýninga á verkum merkra íslenskra myndlistarkvenna í Listasafninu á Akureyri en áður hafa verið settar upp yfirlitssýningar á verkum Elísabetar Geirmundsdóttur og Nínu Tryggvadóttur.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

## Louisa Matthíasdóttir

### Girl with Bike


Galleries 10-11, Ketilhús  
December 9<sup>th</sup> 2017 - February 11<sup>th</sup> 2018

Louisa Matthíasdóttir (1917-2000) was one of the most progressive artists of her generation. Complete and explicit canvases, and pure and simple colors are strong characteristics of her work. Louisa studied in Europe and the US, residing in New York from 1942. Evident in her work however is the contact she kept with Iceland; clear influence from Icelandic landscape and light. Louisa also painted still life, her family and friends as well as self-portraits, such as the ones in the exhibition.

This exhibition, *Girl with Bike*, is based on the exhibition *Calm*, set up in Kjarvalsstaðir by Reykjavík Art Museum in 2017.

*Girl with Bike* is a part of a series of exhibitions at Akureyri Art Museum, that focus on works by remarkable Icelandic female artists such as Elísabet Geirmundsdóttir and Nína Tryggvadóttir.

Curator: Hlynur Hallsson.



## Samsýning

### Sköpun bernskunnar 2018

Salur 11, Ketilhús  
24. febrúar - 15. apríl 2018

Petta er fimmata sýningin undir heitinu *Sköpun bernskunnar*. Hún er sett upp til þess að örva skapandi starf og hugsun skólabarna á aldrinum tveggja til sextán ára. Þáttakendur hverju sinni eru börn, starfandi listamenn og Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi. *Sköpun bernskunnar* er því samvinnuvekfn í stöðugri þróun og er hver og ein sýning sjálfstæð og sérstök.

Sýningin hefur vakið verðskuldaða athygli og var valin til þáttöku í Barnamenningarhátið Mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2017. Þemað að þessu sinni er *troll* í viðum skilningi sem vísar í þjóðsögur Íslendinga. Á sýningunni mætast þáttakendur og eiga listrænt samtal við sýningargesti.

Þáttakendur að þessu sinni eru Georg Óskar, Ninna Þórarinsdóttir, Sigga Björg Sigurðardóttir, Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi, Grímseyjarskóli, Lundarskóli, Oddeyrarskóli og leikskólarnir Iðavöllur og Kró gaból.

Sýningarstjóri: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

## Group exhibition

### Creation of Childhood 2018

Gallery 11, Ketilhús  
February 24<sup>th</sup> - April 15<sup>th</sup> 2018

This is the fifth yearly exhibition with the title *Creation of Childhood*. The aim is to stimulate creative work and creative thinking of school children from the age of two to sixteen. Participants each time are children, artists, and The Toy Exhibition at Friðbjarnarhús.

*Creation of Childhood* is a cooperation in constant development and each exhibition is independent and special. The exhibition has attracted well deserved attention and is unique in regards to cooperation between artists and children. This time the theme is *trolls*, in a broad sense.

This year's participants are: the artists George Óskar, Ninna Þórarinsdóttir and Sigga Björg Sigurðardóttir, The Toy Exhibition in Friðbjarnarhús, the elementary schools Grímseyjarskóli, Lundarskóli and Oddeyrarskóli and the preschools Iðavöllur and Kró gaból.

Curator: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.



Frá Sköpun bernskunnar 2017  
From Creation of Childhood 2017



Frá Sköpun bernskunnar 2017  
From Creation of Childhood 2017

## Fræðslustarf

Fræðslustarf Listasafnsins er ætlað alls konar hópum, s.s. skólahópum, vinahópum og vinnustaðahópum.

Heimsóknir eru bókaðar á [palina@listak.is](mailto:palina@listak.is).

Verið velkomin.



### Helga Sigríður Valdemarsdóttir

#### Kyrrð

Salur 10, Ketilhús

24. febrúar - 18. mars 2018

Í umbreytingum samtímans og ati hversdagsins leitar manneskjan að huglægum rýmum til að öðlast innri ró. Slík rými eru víða og margvísleg: úti í náttúrunni, taktföst sundtök, gönguferð með hundinn, jógastaða, góð vinasambond. Þar sem kyrrð finnst, stilla vinnst.

Pörfin fyrir, og leitin að, jafnvægi og kyrrð er ævagömul. Konur hafa til að mynda lengi fundið sér kyrrðarrými með ástundun handverks. Sitjandi prjónandi fá þær hvíld frá amstri, frið fyrir áreiti, þær eru uppteknar og lögglega afsakaðar, fá að vera með sjálfum sér, í eigin tómi, í rými sem þær þurfa að taka sér, hafa skapað sér.

Helga Sigríður Valdemarsdóttir (f. 1975) útskrifaðist af Mynd- og handíðabraut VMA 1997 og lauk diplómanámi í myndlist frá Myndlistaskólanum á Akureyri 2003. Á sýningunni *Kyrrð* notar hún ljósmyndir, málverk og innsetningu til að fjalla um kyrrðarrými konunnar.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

### Helga Sigríður Valdemarsdóttir

#### Stillness

Gallery 10, Ketilhús

February 24<sup>th</sup> - March 18<sup>th</sup> 2018

In the hustle and bustle of everyday life, one seeks subjective spaces that can provide an inner peace. Such spaces can be found in diverse places and are of various kinds: in the rhythms of swim strokes, walking the dog, a yoga pose, in nature, in friendships. Where stillness is found, calm is conquered.

The need and quest for balance and stillness is ancient. Women have, for instance, since long ago found calmness in craft making. Sitting, knitting they get a break from their daily routine, some peace, they are occupied and excused, they grab a moment to spend with themselves, in their own space, which they have created for themselves.

Helga Sigríður Valdemarsdóttir (born 1975) graduated from the visual art and textile department of Akureyri Comprehensive College in 1997, and received a diploma from Akureyri School of Visual Arts in 2003. In the exhibition *Stillness* she uses photographs, paintings and installation to present woman's course for calm.

Curator: Hlynur Hallsson.



## Bergþór Morthens

### Rof

#### Salur 10, Ketilhús

24. mars - 15. apríl 2018

„Ég hef lengi velt fyrir mér leiðtogaþörf mannsins og birtingarmyndum valds í samfélaginu. Verkin á sýningunni eru tilraun til að leysa upp þessar birtingarmyndir og eru ákveðin tilfærsla á viðfangsefninu. Slíkt er gert með uppbyggingu og niðurrifi, umsnúningi eða vendingu í ferli málverksins. Myndflöturinn verður nokkurs konar átakasvæði þar sem heildin er rofin. Formið víkur fyrir formleysi og nýjum, óskyldum áhrifum er safnað saman til þess að mynda aðra óskylda heild með annars konar frásögn. Frásögn sem fjallar ekki síður um, eða vísar til, atriða utan myndflatarins.“

Bergþór Morthens (f. 1979) lauk námi við Myndlistaskólann á Akureyri 2004 og MA námi í myndlist við Valand háskólann í Gautaborg 2015. Hann hefur haldið einkasýningar á Íslandi, í Rúmeníu og Svíþjóð og tekið þátt í samsýningum á Íslandi, Grikklandi, í Svíþjóð og Danmörku.

Sýningarstjóri: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

## Bergþór Morthens

### Rupture

#### Gallery 10, Ketilhús

March 24<sup>th</sup> - April 15<sup>th</sup> 2018

“For quite some time I have pondered on man's need for leaders and how power manifests itself in society. The artworks in this exhibition are an attempt to dissolve those manifestations and a certain displacement of the subject matter. Such doings take place through construction and demolition, a turnaround or reversal in the process of painting. The canvas becomes a kind of battlefield where the whole is interrupted. The form yields to a non-form and new unrelated influences are gathered together to form another unrelated whole with a different narrative. A narrative that also strongly refers to things outside the canvas.”

Bergþór Morthens (born 1979) graduated from the Akureyri School of Visual Arts in 2004 and finished an MA degree from Valand University, Gothenburg, Sweden in 2015. He has held solo exhibitions in Iceland, Romania and Sweden and participated in group exhibitions in Iceland, Greece, Sweden and Denmark.

Curator: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.



Skóflustunga, 2017



## Nemendur listnáms- og hönnunarbrautar VMA

### Útskriftarsýningar 2018

#### Salir 10-11, Ketilhús

21. - 29. apríl / 24. nóvember - 2. desember 2018

Sýningar á lokaverkefnum nemenda hafa lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri. Sýningarnar eru tvær yfir árið, annars vegar í lok vorannar og hins vegar í lok haustannar. Þetta er fjórða árið í röð sem þær eru haldnar í samstarfi við Listasafnið á Akureyri.

Við undirbúning slíkra sýninga velja nemendur sér verkefni eftir áhugasviði þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna sér nýja miðla eða dýpka skilning sinn á þeim sem þeir hafa áður kynnst.

Að baki verkanna liggr hugmynda- og rannsóknarvinna og leita nemendur víða fanga í eigin sköpunarfjerli, allt eftir því hvað hentar hverri hugmynd og þeim miðli sem unnið er með. Nemendur fá eina önn til að vinna að lokaverkefnum sínum og uppsettningu sýningar í samtali og samvinnu við leiðsagnarkennara og samnemendur þar sem frumkvæði, hugmyndaauðgi og öguð vinnubrögð eru lögð til grundvallar.



Vorsýning 2017

Sandra Wanda Walankiewicz

## Visual art and textiles students at VMA - Akureyri Comprehensive College

### Final Projects 2018

#### Galleries 10-11, Ketilhús

April 21<sup>st</sup> - 29<sup>th</sup> / November 24<sup>th</sup> - December 2<sup>nd</sup> 2018

It has become a tradition to exhibit the final projects of Akureyri Comprehensive College's art and design students at Akureyri Art Museum. Two exhibitions are held every year, one at the end of the spring term and one at the end of the fall term. This is the fourth year in a row that these exhibitions are held in cooperation with Akureyri Art Museum.

When preparing for these exhibitions, students choose an assignment based on their field of interest and have the opportunity to deepen their understanding of mediums which they have encountered before, or acquaint themselves with new ones.

The students have gone through the idea and research phase in the artistic process, and they search high and low for data for their own creative process, depending on what is suitable for each idea and each medium. The students have one semester to work on their final assignments and set up the exhibition in cooperation with an instructor and the other students. The values, on which this process is based, are initiative, creative thinking, and disciplined work methods.



Haustsýning 2017

Kári Ármannsson

## Samsýning

# Fullveldið endurskoðað

Útisýning  
28. apríl - 19. ágúst 2018

Sýning 10 ólíkra myndlistarmanna á verkum sem gerð eru sérstaklega í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Um er að ræða útisýningu sem sett verður upp á völdum stöðum í miðbæ Akureyrar. Markmiðið er að sýna nýja hlið á stöðu fullveldis Íslands á okkar tínum og fá áhorfendur til að velta fyrir sér hugmyndum, útfærslum og fjölbreyttum sjónarhornum tengdum fullveldinu.

Listamennirnir sem taka þátt í sýningunni eru: Guðmundur Árman Sigurjónsson, Gunnar Kr. Jónasson, Hrefna Harðardóttir, Jón Laxdal Halldórsson, Jónína Björg Helgadóttir, Karólína Baldvinsdóttir, Libia Castro og Ólafur Ólafsson, Rebekka Kühnis, Samúel Jóhannsson og Snorri Ásmundsson.

Á sýningartímanum verður boðið upp á leiðsögn með listamönnunum þar sem gengið verður á milli verkanna og þau rædd. Sýningin hlaut styrk úr sjóði afmælisárs fullveldis Íslands.

Sýningarstjórar: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir og Hlynur Hallsson.

## Group exhibition **Sovereignty Revisited**

## **Outdoors**


### **April 28<sup>th</sup> - August 19<sup>th</sup> 2018**

The exhibition consists of works by 10 different artists, especially created on the occasion of the 100 year anniversary of Iceland's sovereignty. All the works will be exhibited at selected outdoor locations in the center of Akureyri. The aim is to shed a new light on the status of Iceland's sovereignty in our times, and offer the viewers an opportunity to ponder on ideas, implementation and different perspectives regarding Iceland's sovereignty.

Participating artists: Guðmundur Árman Sigurjónsson, Gunnar Kr. Jónasson, Hrefna Harðardóttir, Jón Laxdal Halldórsson, Jónína Björg Helgadóttir, Karólína Baldvinsdóttir, Libia Castro & Ólafur Ólafsson, Rebekka Kühnis, Samúel Jóhannsson and Snorri Ásmundsson.

Guided tours with the artists will be offered during the exhibition period. The exhibition is partly funded with a grant from the 100 Years of Sovereignty Fund.

Curators: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir and Hlynur Hallsson.



**Áfram Ísland, 2015**  
Snorri Ásmundsson



Á-horf-andi, 2016  
Karólína Baldvinsdóttir

## Priðjudagsfyrirlestrar í Listasafninu, Ketilhúsi kl. 17-17.40




- |             |   |
|-------------|---|
| 23. janúar  | <b>Jón Proppé</b> , listheimspekingur   |
| 30. janúar  | <b>Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson</b> , tónlistarmaður                                  |
| 6. febrúar  | <b>Andy Paul Hill</b> , lektor í lögreglufræði  |
| 13. febrúar | <b>Alanna Jay Lawley</b> , myndlistarkona   |
| 20. febrúar | <b>Dagrún Matthíasdóttir</b> , myndlistarkona   |
| 27. febrúar | <b>Elísabet Gunnarsdóttir</b> , safnstjóri Listasafns ASÍ                             |
| 6. mars     | <b>Finnur Friðriksson</b> , dósent í íslensku   |
| 13. mars    | <b>Herdís Björk Þórðardóttir</b> , hönnuður   |
| 20. mars    | <b>Jeannette Castioni</b> , myndlistarkona,<br>og <b>Ólafur Guðmundsson</b> , leikari |



Háskólinn  
á Akureyri

Allir velkomnir. Aðgangur er ókeypis.



## Aðalheiður S. Eysteinsdóttir

# Hugleiðing um orku

Salir 4-6 og svalir  
17. júní - 18. ágúst 2018

Verkin á sýningu Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur (f. 1963), *Hugleiðing um orku*, fjalla um næringu, náttúru, notagildi, sjálfbærni og samlyndi. Næring líkama og sálar, og tilvist í sátt við náttúruna og samfélagið, eru manneskjunní lífsnauðsynlegir þættir. Ekki aðeins til að lifa af heldur einnig til að gefa lífinu tilgang: að upplifa, elska, næra, gagnrýna og meðtaka.

Oft fær listin fólk til að staldra við og hugsa nýja hugsun og er því tilvalinn vettvangur tilraunastarfsemi. Þar eru engin fyrirfram mótuð svör, reglur eða mælikvarði. Frelsi til sköpunar er algjört og skilningur einstaklingsbundinn.

Aðalheiður útskrifaðist frá Myndlistaskólanum á Akureyri 1993 og hefur síðan haldið yfir 150 einkasýningar í 14 löndum og tekið þátt í fjölda samsýninga. Árið 2000 var hún útnefnd bæjarlistamaður Akureyrar, sama ár og hún hóf þátttökum í Dieter Roth-akademíunni. Aðalheiður hlaut menningarverðlaun DV 2015 og tilnefningu til Eyrarrósarinnar 2017.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

## Aðalheiður S. Eysteinsdóttir

# Reflecting on Energy

Galleries 4-6 and balcony  
June 17<sup>th</sup> - August 18<sup>th</sup> 2018

The topics in Aðalheiður S. Eysteinsdóttir's (born 1963) exhibition, *Reflecting on Energy*, are nourishment, nature, practicality, sustainability and fellowship. Nourishing body and soul, and harmonious living are vital to the human being for survival and to give life a purpose: to experience things, love, nurture, criticize and appreciate.

Art often provokes new thought; hence it is the perfect forum to experiment. There are no intended answers, rules or measuring scales. The freedom to create is absolute and appreciation is personal.

Aðalheiður graduated from Akureyri School of Visual Arts in 1993. She has held over 150 solo exhibitions in 14 countries and participated in numerous group exhibitions. In 2000 she was appointed the Artist of Akureyri municipality and joined the Dieter Roth Academy the same year. In 2015 Aðalheiður was the recipient of the DV Culture Prize and was nominated for the Eyrarrósin Prize in 2017.

Curator: Hlynur Hallsson.



Flæðilína, 2017



## Sigurður Árni Sigurðsson

# Hreyfðir fletir

Salir 1-3  
17. júní - 21. október 2018

Sigurður Árni Sigurðsson er fæddur á Akureyri 1963. Hann hefur unnið að myndlist í Frakklandi og á Íslandi síðan hann lauk námi frá Institut des Hautes Études en Art Plastiques í París 1991. Sigurður Árni hefur haldið tugi einkasýninga og má finna verk eftir hann í öllum helstu listasöfnum á Íslandi auk listasafna í Evrópu. Nokkur verka hans eru staðsett í opinberum rýmum s.s. *Sólalda* við Sultartangavirkjun, glerverkið *Ljós í skugga* á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri og útilistaverkið *L'Eloge de la Nature* í Loupian, Pyrénées-Méditerranée í Frakklandi.

Myndlist Sigurðar Árna dregur athygli áhorfandans að tengslum milli veruleika og hugmynda og sambandi hluta og ásýndar. Verkin eru leikur með rými, bilið á milli hins tvívíða og þrívíða, forgrunns og bakgrunns, ljóss og skugga.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

## Sigurður Árni Sigurðsson


# Drifting Surfaces

Galleries 1-3  
June 17<sup>th</sup> - October 21<sup>st</sup> 2018

Sigurður Árni Sigurðsson was born in Akureyri 1963. He has been working in visual arts both in France and Iceland since his graduation from Institut des Hautes Études en Art Plastiques, Paris 1991. He has held dozens of solo exhibitions and his work is owned by all the major museums in Iceland as well as several ones in Europe. Artworks by Sigurður can be found in several public spaces: *Sólalda* at Sultartangavirkjun, the glass piece *Ljós í skugga* at Hlíð, the seniors home in Akureyri, and the outdoor piece *L'Eloge de la Nature* in Loupian, Pyrénées-Méditerranée, France.

Sigurður Árni's art draws the viewers attention towards the connection between reality and ideas and the relationship between objects and appearance. His artworks are a dialogue of spaces: the space between the two-dimensional and the three-dimensional, background and foreground, light and shadow.

Curator: Hlynur Hallsson.



Anna, 2017



## Aníta Hirlekar

### Bleikur og grænn

Salir 10-11, Ketilhús

17. júní - 4. nóvember 2018

Í hugmyndafræði Aníta Hirlekar (f. 1986) sameinast handverk og tískuvitund með einkennandi hætti. Listrænar litasamsetningar og handbróðeraður stíll eru áberandi þættir í hönnun hennar.

Aníta lauk BA námi í fatahönnun með áherslu á textílprent 2012 og MA gráðu í textílhönnun fyrir tískufatnað frá Central Saint Martins í London 2014. Hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga bæði á Íslandi og erlendis, m.a. á tískuvikunni í London og París, Espoo Museum of Modern Art í Finnlandi og í Hönnunarsafni Íslands. Aníta var tilnefnd til Menningarverðlauna DV 2015 og hönnun hennar var í forvali fyrir Hönnunarverðlaun Íslands 2015. Hún hlaut Fashion Special Prize í International Talent Support hönnunarkeppninni á Ítalíu 2014.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

## Aníta Hirlekar

### Pink & Green

Galleries 10-11, Ketilhús

June 17<sup>th</sup> - November 4<sup>th</sup> 2018

The ideology behind Aníta Hirlekar's (born 1986) design evolves around the merging of craft and fashion sensibility in a characteristic way. Her designs consist of artistic color combinations and hand embroidered textile with strong focus on rich textures.

Aníta graduated with a BA degree in fashion design with a special focus on print in 2012 and with an MA degree in textile design for fashion in 2014, both from Central Saint Martins in London. She has participated in numerous exhibitions in Iceland and abroad such as London and Paris Fashion Week, Espoo Museum of Modern Art in Finland and Iceland's Museum of Design and Applied Art. Aníta was nominated for the DV Cultural Prize in 2015 and the Icelandic Design Awards 2015. Aníta received a Fashion Special Prize in the design-competition International Talent Support in Italy 2014.

Curator: Hlynur Hallsson.



## Listasumar á Akureyri 2018

- Myndlist
- Tónlist
- Leiklist
- Bókmenntir
- Hönnun
- Sýningar
- Uppákomur
- Gjörningar
- Listasmiðjur fyrir börn

- Visual Art
- Music
- Theatre
- Literature
- Design
- Exhibitions
- Events
- Performances
- Children's Workshop



## Valin verk úr safneign Listasafns ASÍ

### Svipir

#### Salur 9

17. júní 2018 - 17. febrúar 2019

Í safneign Listasafns ASÍ er að finna margvíslega gullmola úr íslenskri listasögu. Ragnar Jónsson í Smára lagði grundvöllinn að safninu með því að gefa ASÍ málverkasafn sitt, um 120 myndir, sem flestar eru eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar. Listaverkaeign safnsins hefur síðan vaxið jafnt og þétt frá stofnun þess árið 1961.

A sýningunni *Svipir* gefur að líta portrettmyndir eftir listamenn sem hafa sett mark sitt á íslenska listasögu. Meðal verka á sýningunni eru myndir eftir Gunnlaug Scheving, Jón Stefánsson, Júlíönu Sveinsdóttur, Jón Engilberts, Kristján Davíðsson, Sigurður Sigurðsson, Snorra Arinbjarnar, Nína Tryggvadóttur, Þorvaldur Skúlason og Jóhannes Kjarval. Málverkin eru frá tímabilinu 1920-1957 og veita góða innsýn í portrettmyndir þess tíma í listasögunni.

Sýningarstjórar: Elísabet Gunnarsdóttir og Hlynur Hallsson.

## Confederation of Labour Art Collection

### Expressions


#### Gallery 9

June 17<sup>th</sup> 2018 - February 17<sup>th</sup> 2019


The Confederation of Labour Art Collection consists of many gems from Icelandic art history. The collection was started with a gift from the businessman Ragnar Jónsson of Smári, a well known art supporter/collector, who donated 120 artworks to the Confederation of Labour. Since its beginning in 1961 the collection has steadily grown larger.

In this exhibition, *Expressions*, one can see portraits by artists that made their clear mark on Icelandic art history such as Gunnlaugur Scheving, Jón Stefánsson, Júlíana Sveinsdóttir, Jón Engilberts, Kristján Davíðsson, Sigurður Sigurðsson, Snorri Arinbjarnar, Nína Tryggvadóttir, Þorvaldur Skúlason and Jóhannes Kjarval. The paintings are from 1920-1957 and provide a good insight into portraits from this period.

Curators: Elísabet Gunnarsdóttir and Hlynur Hallsson.



Ragnar Jónsson, án ártals  
Jóhannes Kjarval



Þorvaldur Skúlason, 1940  
Nína Tryggvadóttir

## Hjördís Frímann og Magnús Helgason

### Hugmyndir

#### Salur 7, Safnfræðsla

17. júní 2018 - 18. ágúst 2019

Við endurbyggingu Listasafnsins á Akureyri verður til ný og einstök aðstaða fyrir kennslu í afmörkuðu rými. Þar með myndast tækifæri til nýrrar nálgunar í listfræðslu, sem byggir á verkefnavinnu og vinnu í listasmiðjum. Þetta nýja rými verður einnig notað fyrir sýningar ólíkra listamanna og þau Hjördís Frímann (f. 1954) og Magnús Helgason (f. 1977) ríða á vaðið.

Hjördís er þekkt fyrir hreina liti og líflegar litasamsetningar auk þess að nota spiladósir í verkum sínum. Magnús vinnur gjarnan með fundna hluti og texti er oftar en ekki þýðingarmikill í verkum hans. Leikur og gleði með fjölbreyttum tilvísunum einkenna verk þeirra beggja. Saman skapa þau spennandi sýningu sem getur auðgað og efti ímyndunarafl barna á öllum aldri.

Sýningarstjórar: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir og Hlynur Hallsson.



Hugur minn dvelur hjá þér, 2004  
Hjördís Frímann



Hugmynd, 2017  
Magnús Helgason

SJÁUMST Í NÝJU OG ENNPÁ BETRA LISTASAFNI!



## Safneign

# Úrval – valin verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri

### Salur 8


17. júní 2018 - 11. október 2020

Snemma á fjórða áratug 20. aldar hóf Akureyrarbær formlega að kaupa listaverk og voru fyrstu kaupin málverk eftir Freymóð Jóhannsson. Í dag á bærinn um 700 listaverk af fjölbreyttu tagi.

Eftir að Listasafnið á Akureyri var stofnað 1993 og fálin umsjón með verkunum, var sú stefna valin að hafa sem flest verk uppi á veggjum stofnana bæjarins. Þannig er safneignin sýnileg starfsmönnum og íbúum bæjarins.

Á þessari sýningu er athyglinni beint að safneign Listasafnsins. Til sýnis eru nokkur úrvvalsverk eftir íslenska listamenn, sem flestir eiga rætur sínar að rekja til Akureyrar eða Eyjafjarðar. Við val á verkunum var fjölbreytni höfð að leiðarljósi sem og kynjajöfnun en safneignin samanstendur að meirihluta til af verkum eftir karlmenn. Það er þó áhugaverð staðreynnd að verkum eftir konur fjölgar þegar nær okkur dregur í tíma.

Sýningarstjórar: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, Haraldur Ingi Haraldsson og Hlynur Hallsson.



## Permanent Exhibition

# Selected works from Akureyri Art Museum's Collection

### Gallery 8

June 17<sup>th</sup> 2018 - October 11<sup>th</sup> 2020

Akureyri municipality formally began purchasing artworks around 1930, when a painting by Freymóður Jóhannsson was bought. Today the municipality owns around 700 diverse visual art works.

After the founding of Akureyri Art Museum in 1993, preservation of the collection became one of its roles. The Museum adopted a policy of exhibiting the biggest part of the collection on the walls of the municipality's institutions - which today is still the case. This makes the collection visible to the staff and residents of Akureyri municipality.

In this exhibition, the focus is on the Akureyri Art Museum's permanent collection. Great works by Icelandic artists, mostly from Akureyri or Eyjafjörður, will be exhibited. The criteria for selecting works from the collection was diversity and gender equality, even though the collection mainly consists of works by male artists. It is however an interesting fact that through the years, the number of works by female artist has steadily increased.

Curators: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, Haraldur Ingi Haraldsson and Hlynur Hallsson.



Gegnsæi – festa –  
samfélag, 2015  
Jóna Hlíf Halldórsdóttir

## Frá Kaupfélagsgili til Listagils

### Salur 12

17. júní 2018 - 18. apríl 2021

Listasafnið á Akureyri standur við Kaupvangsstræti eða Gráfargil sem í daglegu tali er kallað Listagilið eða einfaldlega Gilið. Gatan á sér mikilvægan og glæsilegan sess í atvinnusögu Akureyrar. Um 1930 hóf samvinnufélagið KEA (Kaupfélag Eyfirðinga Akureyri) öfluga uppbyggingu iðnfyrirtækja í götunni. Mikil framsækni og gróska einkenndi áratugina sem í hönd fóru og starfsemin varð sannarlega blómleg. Ýmsar breytingar og þróun í verksmiðjrekstri kröfðust aðlögunar og smám saman færði KEA starfsemi sína úr húsunum. Akureyrarbær keypti húsin í byrjun tíunda áratugarins og opnaði „verksmiðjudyrnar“ fyrir listum og menningu.

Þessi sýning er um sögu húsanna í Gilinu og starfsemina í þeim, áður en þau hýstu Listasafnið, Deigluna, Myndlistaskólan, vinnustofur, sýningasali, veitingastaði og íbúðir. Þannig vill Listasafnið á Akureyri votta fortíðinni, sem það byggir á, virðingu og tengja gesti safnsins við söguna.

Sýningin er unnin í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri.

Sýningarstjórar: Haraldur Ingi Haraldsson og Hlynur Hallsson.



Mjólkursamlag KEA, 1970-73



Mjólkursamlag KEA, 1939-46

## Þorvaldur Þorsteinsson

### Heima

Salir 4-5

25. ágúst - 21. október 2018

Sýningin *Heima* samanstandur af úrvali verka eftir Þorvald Þorsteinsson (1960-2013) sem öll eru í eigu aðila í heimabæ hans, Akureyri. Þorvaldur var afkastamikill listamaður og kennari sem nýtti sér flesta miðla í listsþópun sinni. Auk þess að fást við myndlist samdi hann skáldsögur, leikrit og tónlist og varð landsþekktur fyrir örverk sem hann samdi og flutti í *Vasaleikhúsini* í Ríkisútvarpinu 1991 og voru síðar sýnd í sjónvarpi. Af þekktum verkum Þorvaldar má einnig nefna *Skilaboðaskjóðuna*, bækurnar um *Blíðfinn* og leikverkið *And Björk, of Course...* sem hlaut Grímuverðlaunin 2002.

Þorvaldur hélt margar einkasýningar hér heima og erlendis, en tók einnig þátt í alþjóðlegum sýningum víða um heim. Göteborg Konsthall í Svíþjóð og Listasafn Reykjavíkur efndu til yfirlitssýningar á verkum hans árið 2004.

Þorvaldur útskrifaðist frá Myndlistaskólanum á Akureyri 1981, Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1987 og Jan van Eyck Akademíunni í Maastricht í Hollandi 1989.

Sýningarstjóri: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

## Þorvaldur Þorsteinsson

### At Home

Galleries 4-5

August 25<sup>th</sup> - October 21<sup>st</sup> 2018

The exhibition *At Home* consists of selected works by Þorvaldur Þorsteinsson (1960-2013), all owned by individuals or institutions in his hometown of Akureyri. Þorvaldur was a productive artist and teacher, who used various art media for his creations. He made various types of visual art, wrote novels, plays and music and became well known in Iceland when his short fiction *Vasaleikhúsíð* (*Pocket-Theater*) was performed on the Icelandic National Radio in 1991 and later on TV. His best-known works include the novel *Skilaboðaskjóðan*, the book-series *Blíðfinnur* and the play *And Björk, of Course...* which won the *Icelandic Performing Arts Award* in 2002.

Þorvaldur held numerous solo exhibitions in Iceland and abroad and also participated in international exhibitions in various countries. Göteborg Konsthall in Sweden and Reykjavík Art Museum set up a retrospective exhibition of his works in 2004.

Þorvaldur graduated from Akureyri School of Visual Arts in 1981, from the Icelandic College of Art and Crafts in 1987, and from Jan van Eyck Academy in Maastricht, the Netherlands in 1989.

Curator: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.



Fimmtudaga kl. 12.15 - 12.45.

Aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar má sjá á [listak.is](#).

Verið velkomin.



Örn Ingi Gíslason

## Lífið er LEIK-fimi

Salir 1-5

3. nóvember 2018 - 27. janúar 2019

Yfirlitssýningin *Lífið er LEIK-fimi* lýsir listheimi Arnar Inga (1945-2017) í hnotskurn. Hin sifellda leit og tilraunir með myndmálið einkenna verk hans allt frá upphafi ferilsins 1970. Það á við, hvort sem hann vann málverk, gjörninga, skúlptúra eða innsetningar. Listin var honum farvegur í leit svara við spurningum eins og *Hver er ég – í samfélagi við aðra og náttúru?* *Erum við leikin í lífsins leik? Komum við fram af heilindum?* Að baki leiksins býr ávallt alvara.

Hin margvíslegu verk á sýningunni kallast hvert á við annað og í gegnum þau kynnast gestirnir listamanninum. Þeir eru hvattir til samræðna, til að taka afstöðu, gerast virkir þátttakendur í listinni og til að endurmeta. Örn Ingi fór ekki troðnar slóðir, heldur ruddi brautir. Hann var sjálfmenntaður myndlistarmaður og varð áhrifavaldur sem kennari.

Sýningarstjórar: Halldóra Arnardóttir og Javier Sánchez Merina.

Örn Ingi Gíslason

## Life's PLAY-fullness


Galleries 1-5

November 3<sup>rd</sup> 2018 - January 27<sup>th</sup> 2019


The retrospective exhibition *Life's PLAY-fullness* shows Örn Ingi's (1945-2017) principal artworks. A constant search and experimentation with the pictorial language characterize his work since the beginning of his career in 1970, whether working in the techniques of painting, performances, sculptures or installations. In his art, he sought answers to the questions: *Who am I – in the context of others and in nature? Are we properly skilled in life's PLAY? Do we behave with integrity?* There is always a certain seriousness behind every game.

The diverse pieces in the exhibition create a dialogue, and bring visitors close to the artist. They are encouraged to exchange views with him, take position and become active participants in the art, to re-evaluate. Örn Ingi chose unparalleled paths in his art. He was a self-educated artist and became influential as a teacher.

Curators: Halldóra Arnardóttir and Javier Sánchez Merina.



Kyrrð, 2000



Listasafnið á Akureyri tekur þátt í Iceland Airwaves 2018

ICELAND  
AIRWAVES  
NOV 7 — 10 2018

25 1993-2018  
LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI ART MUSEUM

## A! Gjörningahátið

**Salir 10-11, Ketilhús og víðar  
8. - 11. nóvember 2018**

A! er fjögurra daga gjörningahátið sem nú er haldin í fyrða sinn. Hátiðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Menningarfélags Akureyrar, Leikfélags Akureyrar, LÓKAL alþjóðlegrar leiklistarhátiðar, Reykjavík Dance Festival og Kynningararmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á dagskránni. Þátttakendur A! Gjörningahátiðar eru ungar og upprennandi listamenn, ásamt reyndum og vel þekktum gjörningalistamönnum og leikhúsfólki. Hátt í 2.000 ánægðir gestir hafa sótt hátiðina hverju sinni og notið líflegra gjörninga. Samhliða A! fara fram tónlistarhátiðin *Iceland Airwaves* og vídeolistahátiðin *Heim* auk viðburða utan dagskrár (off venue).

## A! Performance Festival

**Galleries 10-11, Ketilhús and other locations  
November 8<sup>th</sup> - 11<sup>th</sup> 2018**

A! Is a four-day performance festival, now held for the fourth time. The festival is a collaboration between Akureyri Art Museum, Akureyri Culture Society, Akureyri Theatre, LÓKAL International Theatre Festival, Reykjavík Dance Festival and Icelandic Art Center.

A variety of performances and theatre-based projects of all kinds are on the agenda. Participants are young up-and-coming artists as well as experienced and well known performance artists and theatre professionals. Close to 2.000 guests have attended the festival each time, enjoying lively performances. The video art festival *Heim* (*Home*) is held in Akureyri at the same time and also a number of off-venue events.

This time around A! Performance Festival will be held at the same time as the music festival *Iceland Airwaves*.



**Voiceland, 2017**  
Gísli Grétarsson, Hymnodia, Mareike Dobewall



**Minning um annað haust, 2017**  
Ragnheiður Harpa Leifsdóttir



Vinafélag Listasafnsins á Akureyri er félag áhugamanna um myndlist og er tilgangur þess að efla starfssemi safnsins.

Skráning og allar upplýsingar á [listak.is](http://listak.is).



**Ange Leccia****Hafið****Salir 10-11****8. desember 2018 - 17. mars 2019**

Franski myndlistarmaðurinn Ange Leccia fæddist 1952 á Korsíku í Miðjarðarhafi og er náttúra þessarar sérstæðu eyju honum sífellt uppsprettu sköpunar. *Hafið* er hans þekktasta verk, en hann umbreytir því sífellt og aðlagar sýningaraðstæðum hverju sinni. Verkið vísar í austræna heimspeki þar sem tilvist mannsins er líkt við logandi bál sem fuðrar upp á örskotsstundu.

Leccia hóf snemma að vinna með kvikmyndataknina sem listform og tileinka sér aðferðir sem fela í sér endurtekningu, þvert á mæri listgreina. Eins og margir samtímalistamenn notar hann myndir og tónlist sem hráefni og moðar úr þekktum auginablikum vestrænnar dægurmenningar og kvikmyndasögu.

Ange Leccia er stofnandi og forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar Pavillon Neuflize OBC í Palais de Tokyo, París. Verk hans hafa verið sýnd í helstu listastofnunum heims og má þar nefna Dokumenta í Kassel, Guggenheim í New York, Skulptur Projekte í Münster, Feneyjatvíæringinn og George Pompidou menningarmiðstöðina í París.

Sýningarstjóri: Æsa Sigurjónsdóttir.

**Ange Leccia****La Mer****Galleries 10-11****December 8<sup>th</sup> 2018 - March 17<sup>th</sup> 2019**

The French artist Ange Leccia was born in Corsica 1952. The nature of this unique island in the Mediterranean is a constant source of inspiration to him. *La Mer* is his best-known work, which he transforms time after time, adjusting it to each new situation. The work refers to eastern philosophy where human existence is compared to a fire that burns for a brief moment.

Early on Leccia began working with video-technique as an art form and adopting serial-methods – crossing borders between art forms. Like many contemporary artists, he uses pictures and music as his raw materials, selecting famous moments from western popular culture and cinema.

Leccia is the founder and director of the research center Pavillon Neuflize OBC in Palais de Tokyo, Paris. His work has been exhibited in many major art institutions around the world such as Dokumenta in Kassel, Guggenheim in New York, Skulptur Projekte in Münster, at the Venice Biennial and George Pompidou cultural center in Paris.

Curator: Æsa Sigurjónsdóttir.

**La Mer, 2016**

# listamaður?

Hjá okkur færðu **mikið úrvall** af vönduðum myndlistarvörum.

**DALER ◇ ROWNEY**



**Slippfélagið**  
Málinningarverksmiðja



**AKUREYRI**

Listasafnið á Akureyri er í eigu Akureyrarbæjar og starfar í þágu almennings. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Akureyri Art Museum is run by Akureyri municipality for the interest of the public. Operational costs are covered by the municipal treasury in accordance with the yearly budget.



**SAFNAÐ**  
The Museum Council of Iceland

Styrktaraðilar / Sponsors:



Air Iceland Connect



**AKUREYRI**  
Icelandair Hotels



**ÁSPRENT**



**RUB23**  
RESTAURANT  
FISH - MEAT - SUSHI



**GEIMSTOFAN**



**NORDURORKA**



Sýningaskrá Listasafnsins á Akureyri skartar þemur mismunandi forsíðum /  
Akureyri Art Museum's Program-booklet has three different covers:




**Embroidery on Sequins, 2014**

Anita Hirlekar



**Rof, 2017**

Bergþór Morthens



**Diana, 2017**

Sigurður Árni Sigurðsson



## Icelandair hótel Akureyri er nýr styrktaraðili Listasafnsins á Akureyri

Á nýju ári hefjum við samstarf við Listasafnið á Akureyri og hlökkum til að taka þátt í að styðja við blómlegt menningarlíf Norðurlands.

Verið hjartanlega velkomin á Icelandair hótel Akureyri, í björt herbergi með fallegu útsýni yfir bæinn eða í máltíð á glæsilegu veitingahúsi okkar Aurora Restaurant.

Upplýsingar og borðapantanir í síma 518 1000  
eða á akureyri@icehotels.is

**Icelandair Hotels**  
[www.icehotels.com](http://www.icehotels.com)

## Starfsfólk Listasafnsins á Akureyri Employees of Akureyri Art Museum:



**Hlynur Hallsson**  
safnstjóri  
director



**Hlynur F.  
Þormóðsson**  
kynningarstjóri  
PR & web



**Sigríður Trampe**  
móttaka / skrifstofa  
reception / office



**Guðrún Pálína  
Guðmundsdóttir**  
fræðslufulltrúi  
museum education



**Ingvar Haraldsson**  
húsvörður  
janitor



**Heiða Björk  
Vilhjálmsdóttir**  
móttaka / fræðslufulltrúi  
reception /  
museum education



**Haraldur Ingi  
Haraldsson**  
verkefnastjóri  
project manager



**Þorbjörg  
Ásgeirsdóttir**  
safnfulltrúi  
museum  
coordinator



**Þórunn Soffía  
Þórðardóttir**  
móttaka  
reception

## Listasafnsráð Advisory Board of Akureyri Art Museum:

Arndís Bergsdóttir  
Helga Björg Jónasdóttir  
Joris Rademaker

## Stjórni Akureyrarstofu myndar stjórni Listasafnsins á Akureyri Board of Akureyri Cultural and Marketing Office:

Unnar Jónsson, formaður / chairman  
Sigfús Karlsson, varaformaður / vice chairman  
Anna Hildur Guðmundsdóttir  
Eva Hrund Einarsdóttir  
Hildur Friðriksdóttir



GEYSIR

**Opið:****janúar - apríl**

þriðjudaga til sunnudaga kl. 12 - 17  
enginn aðgangseyrir

**maí**

lokað vegna framkvæmda

**júní - september**

alla daga kl. 10 - 17  
aðgangseyrir kr. 1.500

**október - desember**

alla daga kl. 12 - 17  
aðgangseyrir kr. 1.500

**Open:****January - April**

Tuesdays to Sundays 12 noon - 5 pm  
Free admission

**May**

Closed due to renovations

**June - September**

Every day 10 am - 5 pm  
Admission 1.500 ISK

**October - December**

Every day 12 noon - 5 pm  
Admission 1.500 ISK

Sími / Tel: 461 2610  
[www.listak.is](http://www.listak.is)

Kaupvangsstræti 8-12  
IS-600 Akureyri



1993 - 2018  
LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI ART MUSEUM